



Árs- og gagnsæisskýrsla 2021-2022

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Starf stjórnar & skrifstofu STEFs frá maí 2021 til maí 2022:	
Skipan stjórnar STEFs	5
Skipan fulltrúaráð STEFs	5
Endurskoðun úthlutunarreglna - „Allsherjarnefnd“	6
Auknar tekjur frá streymisveitum	6
Tónlistarmiðstöð í undirbúningi	6
Nýr samningur við RÚV í burðarliðnum	7
Nýr samningur við Hörpu	7
Tónsetningaleyfi fyrir smærri verkefni	7
Nýr samningur við Icelandair	7
Verkefnið „Vindur í seglum“	8
Breyting á reglum Ferðasjóðs	8
Tónlistarsjóður kirkjunnar & STEFs	8
Lágmarkskrúsúthlutunarupphæð lækkuð	8
Ytra umhverfi:	
COVID-19: Áhrif og framvinda	9
Úrbótasjóður tónleikastaða	11
Lög um landshöfuðlén	11
Ýmislegt úr starfinu:	
Daði Freyr hlaut „Langspilið“ 2021	12
Margrét Rán hlaut „Langspilið“ 2022	12
Dagur íslenskrar tónlistar	13
Íslensku tónlistarverðlaunin	14
Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin 2022	14
Viðburðir, vinnustofur & fleira:	
Vinnustofa með tónlistarforleggjum	15
Lagasmíðabúðir: NordicLA	15
Tónsmíðabúðirnar Music Export Poland	15
Tónabíó - Málþing um kvikmyndatónlist	15
Snarfundur með tónlistarforleggjum	16
K-Pop lagasmíðabúðir	16
Smellasmíði	17
„Cue Sheet“ > Hvað? Hvernig? Hvers vegna?	17
Námstefnur á Austurlandi og Ísafirði	17
Tengd félög, nefndir og ráð	18
Menningarsjóður STEFs	29
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerðir FTT og TÍ	20-21
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2021	22-26



Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2021 var, líkt og síðasta ár, undir áhrifum af heimsfaraldrinum og því mikil áskorun fyrir STEF og réttihafa. Reksturinn fór samt upp á við, þótt enn sé nokkuð í að innlendar tekjur séu komnar á svipað ról og fyrir faraldur. Engu að síður tókst STEFi að setja enn eitt metið í heildartekjum og var vöxturinn nokkuð umfram verðbólgu síðasta rekstrarárs. Sérstaka athygli vekur mjög mikil aukning tekna af streymisveitum, jukust þær um hvorki meira né minna en 147% á milli ára. Allnokkur aukning var einnig á erlendum tekjum. Er STEF þarna að sjá árangur af nýjum samningi við Spotify, vegna spilunar í Evrópu og víðar, svo og betri

samningskjörum og hækkunar áskriftargjalda. Hins vegar skal þess getið, að áhrif þessarar hækkunar, sem og áhrif COVID-19, koma mismunandi við höfunda; sumir nutu hækkunar, einkum þeir sem helst hafa tekjur erlendis frá, á meðan aðrir horfðu fram á skertar tekjur, sér í lagi þeir sem að jöfnu hafa helst tekjur af innlendum markaði.

Að þessu sögðu var því sérlega ánægjulegt að sjá á vormánuðum árangur hagsmunagæslu STEFs raungerast í því að stjórnvöld samþykktu sérstakt 150 milljón króna framlag til samtakanna, vegna tekjuhruns tónhöfunda af lifandi flutningi síðustu tvö árin. Einnig voru samþykktar ýmsar aðrar sérgreindar aðgerðir fyrir tónlistargeirann, sem nánar má lesa um hér í ársskýrslunni. Þessu sérframlagi hefur nú verið úthlutað til höfunda. Vert er að þakka nýjum menningar- og viðskiptaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur og starfsfólki ráðuneytis hennar, fyrir að hafa hlustað á raddir tónhöfunda, svo og þakka öðrum hagsmunaaðilum gott samstarf við mótun viðspyrnuaðgerða.

> Tekjuaukning STEFs af streymisveitum sýnir glögglega að áhrif þeirra í tekjuöflun fer ört vaxandi ...

Tekjuaukning STEFs frá streymisveitum sýnir glögglega að áhrif þeirra í tekjuöflun fara ört vaxandi. Í því sambandi verður að vekja athygli á því að ein streymisveita, *Spotify*, er nær allsráðandi á íslenskum markaði, hefur 97% hlutdeild. Í krafti þessa virðist veitan geta komist upp með ýmislegt sem hægt er að setja siðferðislegt spurningarmerki við. Er ég að vísa til þess hversu algengt það virðist vera, að verk sem virðast samin af „gervihöfundum“ eiga greiða leið inn á lagalista. Nokkrir slíkra „höfunda“ kenna sig við Ísland og bera íslensk nöfn, lögin hafa íslensk heiti og eru skreytt landslagsmyndum af Íslandi, án þess að hafa í raun neina tengingu við landið.

Þessa dagana er í gangi samráðsferli menningar- og viðskiptaráðuneytis við hagsmunaaðila, vegna innleiðingar „DSM“ tilskipunar ESB. Skammstöfunin stendur fyrir „Digital Single Market“ og hefur verið íslenskað sem „tilskipun um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum“. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði innleidd á árinu 2023, en hún felur í sér mikilvægar réttarbætur fyrir höfunda. Sérstaklega má minnast á að réttarstaða höfundaréttarsamtaka gagnvart efnisdeilipjónustum (t.a.m. Google) styrkist verulega, þar sem slíkum fyrirtækjum er gert að gera sitt ítrasta til að af afla heimilda til að miðla höfundaverkum. Þá eru í tilskipuninni ákvæði sem eiga að tryggja höfundum og listflytjendum viðeigandi og hlutfallslega þóknun fyrir leyfi fyrir flutning verka þeirra eða framsal á rétti. Jafnframt eiga höfundar rétt á upplýsingum um hagnýtingu verka sinna og tekjur sem hafa skapast af þeim. Í þeim tilvikum sem höfundur hefur samið beint við framleiðanda (og ekki er um að ræða leyfisveitingar í gegnum t.d. samtök eins og STEF) getur höfundur krafist viðeigandi og sanngjarnrar viðbótarpóknunar ef þóknunin, sem upphaflega var samið um, er hlutfallslega lág í samanburði við s.k. „síðari tekjur“ sem hlotist hafa af hagnýtingu verkanna (dæmi um það eru höfundaréttargjöld). STEF mun ekki láta sitt eftir liggja við að tryggja það að innleiðing DSM tilskipunar verði eins hagstæð og hægt er fyrir meðlimi samtakanna.

Með vorkveðju,

Guðrún Björk Bjarnadóttir



Ávarp stjórnarformanns

Árið 2021 var ár viðspyrnu fyrir tónlistarlífið. Við börðumst út úr heimsfaraldrinum og fengum loks, með hléum reyndar og takmörkunum, að stíga aftur á svið og flytja tónlistina okkar. Engu að síður er ljóst að við verðum dágóðan tíma að vinna upp tekjufall af tónleikum og opinberum flutningi á síðustu tveimur árum. Starfsfólk STEFs á hrós skilið fyrir að halda sjó gegnum þennan ófyrirséða storm og ljóst að við komum þrátt fyrir allt sterk út úr þessum tveimur árum. Enda eru stoðirnar traustar og tekjustraumar úr ólíkum áttum ná að veða þarna á móti.

Ekki var þó tómur blús í hljóðkerfunum. Má sérstaklega telja til aukinn sköpunarkraft tónlistarfólks, sem nýtti tímenn til að semja og skapa. Við höfum þegar fengið að heyra frábæra nýja tónlist sem varð til í þessu ástandi öllu og megum við svo sannarlega eiga von á góðu áfram. Það sýnir hversu mikilvægt er að hlúa að nýju listafólki sem stöðugt sprettur fram og hjálpa því að fóta sig og koma sér á framfæri. Þar hefur STEF reynst stoð og stytta.

> Við megum öll vera stolt af STEFinu okkar og þeirri vinnu sem þar fer fram alla daga fyrir höfunda og hagsmuni þeirra. ...

Íslenskir höfundar eru eftirsóttir um allan heim og gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að halda tengslum við allt það góða fólk og efla og styrkja starfsumhverfi allra höfunda, útvíkka tengslanet, bæta samningsstöðu og fjölga tækifærum. Í því sambandi berast nú sérlega góð tíðindi af nýrri Tónlistarmiðstöð, sem er nú loks að verða að veruleika — með öflugum stuðningi stjórnvalda og góðri samvinnu aðila innan tónlistarheimsins á Íslandi. Þar þurfa höfundar að eiga skýra og sterka rödd — og sömuleiðis við mótun og innleiðingu nýrrar tónlistarstefnu og langþráðra tónlistarlaga.

Við megum öll vera stolt af STEFinu okkar og þeirri vinnu sem þar fer fram alla daga fyrir höfunda og hagsmuni þeirra. Með stöðugri vinnu, jákvæðri ásýnd og útsjónarsemi erum við stöðugt að finna nýjar leiðir til að auka tekjur og bæta hag höfunda á Íslandi og það er bara svei mér þá að ganga býsna vel.

Reykjavík, 19. maí 2022

Bragi Valdimar Skúlason

STARF STJÓRNAR & SKRIFSTOFU STEFs MAÍ '21 TIL MAÍ '22

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á ofangreindu tímabili, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna yfirlit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Skipan stjórnar STEFs á liðnu starfsári:

Bragi Valdimar Skúlason, formaður
Þórunn Gréta Sigurðardóttir, varaformaður
Hallur Ingólfsson
Hildur Kristín Stefánsdóttir
Páll Ragnar Pálsson
Sigríður Thorlacius
Sigurður Flosason

Varamenn í stjórn voru Snorri Helgason, Þuríður Jónsdóttir, Pétur S. Jónsson, Logi Pedro Stefánsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Óttarr Proppé og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

Fulltrúaráð STEFs

Nýtt fulltrúaráð var kjörið í aprílmánuði s.l. Ráðið er æðsta stofnun STEFs, kjörið af almennum félagsmönnum til tveggja ára í senn og er skipað 21 fulltrúa. Formenn aðildarféлага STEFs (Tónskáldafélags Íslands og Félags tónskálda & textahöfunda) eru sjálfkjörnir, en 19 fulltrúar kjörnir í kosningu sem fram fer annað hvert ár. Í samþykktum kveður á um að hið minnsta fimm af kjörnum fulltrúum skuli koma úr hvoru aðildarfélagi og fimm hið minnsta úr hópi rétthafa utan féлага.

29 buðu sig fram að þessu sinni. Eftirfarandi náðu kjöri:

<i>Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (FTT)</i>	<i>Óttarr Proppé (utan féлага)</i>
<i>Arnór Dan Arnarson (FTT)</i>	<i>Páll Ragnar Pálsson (TÍ)</i>
<i>Áskell Másson (TÍ)</i>	<i>Pétur S. Jónsson (FTT)</i>
<i>Birgir Steinn Stefánsson (utan féлага)</i>	<i>Ragna Kjartansdóttir (utan féлага)</i>
<i>Eyþór Gunnarsson (FTT)</i>	<i>Samúel J. Samúelsson (FTT)</i>
<i>Hafdís Bjarnadóttir (TÍ)</i>	<i>Sigríður Thorlacius (utan féлага)</i>
<i>Hallur Ingólfsson (FTT)</i>	<i>Sigurður Flosason (FTT)</i>
<i>Hildigunnur Rúnarsdóttir (TÍ)</i>	<i>Snorri Helgason (FTT)</i>
<i>Logi Pedro Stefánsson (FTT)</i>	<i>Þuríður Jónsdóttir (TÍ)</i>
<i>Maanús Jóhann Raanarsson (utan félaaa)</i>	

Þessir skipa fulltrúaráð STEFs 2022-2024 ásamt formönnum aðildarfélaganna, Braga Valdimar Skúlasyni (FTT) og Þórunni Grétu Sigurðardóttur (TÍ). Á aðalfundi ráðsins þann 25. maí n.k. mun hið nýja ráð kjósa sér formann og í kjölfarið nýja stjórn STEFs til næstu tveggja ára..

Endurskoðun úthlutunarreglna – „Allsherjarnefnd“

Undanfarin misseri hefur starfað innan STEFs sérstök nefnd, sem stofnað var til af stjórn samtakanna, með það að markmiði að endurskoða úthlutunarreglur og færa til nútímalegra horfs, m.a. með hliðsjón af nýrri tækni og úrvinnslu gagna. Nefndin hefur gengið undir heitinu „Allsherjarnefnd“ og er skipuð þremur sérvöldum aðilum, sem allir eru þrautreyndir og kunnugir gang- og regluverki STEFs; þeim Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, Óttarri Proppé og Atla Ingólfssyni. Þeim til atfyllis hefur verið Guðrún Björk, framkvæmdastjóri.

Á stefnumótunarfundi stjórnar STEFs í október s.l. kynnti nefndin afrakstur vinnunnar, bæði nýjar úthlutunarreglur svo og nokkra möguleika hvað varðar flokkunarkerfi STEFs. Í kjölfarið kynnti nefndin vinnu sína fyrir fulltrúaráði í desember s.l. og var markmiðið að ráðsmenn hefðu tíma til íhugunar fram að aðfundum í vor. Raunin varð síðan sú, að á aðalfundi fulltrúaráðs, þann 25. maí, verða bornar fram nýjar úthlutunarreglur svo og tillögur hvað varðar flokkunarkerfið, sem ráðið mun ígrunda og kjósa á milli.



Auknar tekjur frá streymisveitum

Þrátt fyrir samdrátt í ákveðnum úthlutunarflokkum vegna áhrifa COVID-19, þá var árið 2021 ekki als læmt. Tekjur frá streymisveitum jukust t.d. til muna frá fyrri árum. Aukninguna má rekja til nýs samnings, sem *Polaris Hub* hafði milligöngu um að gera milliliðalaust við streymisveitur á borð við Spotify, fyrir hönd STEFs og fleiri frændfélaga. Samningurinn tryggir STEFi beinar greiðslur fyrir streymi íslenskrar tónlistar í allri Evrópu og víðar.

Einnig hafa tekjur meðilma STEFs verið að aukast í gegnum Apple Music. Af Evrópulöndunum má sjá að streymi á íslenskri tónlist er mest í Þýskalandi og Bretlandi. Holland, Svíþjóð, Noregur og Danmörk koma svo í kjölfarið.

Tónlistarmiðstöð í undirbúningi

Eitt af því sem ríkisstjórnin kynnti í lok árs 2020, sem stuðningsaðgerð vegna COVID-19, til uppbyggjinnar menningar og lista, var stofnun *Tónlistarmiðstöðvar*, sem gæti orðið n.k. hliðstæða *Kvikmyndamistöðvar*. Var starfshópur um Tónlistarmiðstöð skipaður í framhaldinu, en honum var ætlað að rýna í umhverfi tónlistargeirans á Íslandi, skoða hvernig sameina mætti og fækka sjóðum, ásamt því að skilgreina hlutverk og ramma sérstakrar Tónlistarmiðstöðvar. Starfshópurinn, sem Jakob Frímann Magnússon veitti forstöðu, skilaði af sér greinargóðri skýrslu í mars 2021.



Á grundvelli skýrslunnar réði nýr menningarráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, sérstakan verkefnastjóra, Bryndís Jónatansdóttur, til sex mánaða, sem ætlað var að vinna að undirbúningi stofnunar miðstöðvarinnar. Gaman er að segja frá því að undirbúningurinn gengur vel og er áætlað að miðstöðin taki til starfa um næstu áramót (2022-23) og hefur henni verið tryggt rekstrarfé til næstu þriggja ára. ÚTÓN eins og við þekkjum það nú, mun þá renna inn í miðstöðina ásamt rekstri Tónverkamiðstöðvarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að sérstök deild annist þjónustu við innlenda tónlistarstarfsemi, sem er nýnæmi. Þeir sjóðir sem í dag eru vistaðir hjá Rannís munu færast yfir til miðstöðvarinnar, en jafnframt er unnið að endurskipulagningu þeirra og fjármögnun.

Hefur STEF komið að þessari undirbúningsvinnu með þátttöku í samráðshópi, sem stofnaður var verkefnastjóranum til fulltingis. Tengd þessari vinnu var STEFi einnig boðið að taka þátt í undirbúningi að gerð opinberrar tónlistarstefnu, en heilstæð tónlistarstefna hefur fram til þessa ekki verið til hérlendis.

Nýr samningur við RÚV í burðarliðnum

Um nokkurt skeið hefur verið beðið eftir nýjum og uppfærðum samningi við RÚV. Hægt er að greina frá því að hann er nú í burðarliðnum, eftir töluvert jaml og japl. Viðræður um lykilatriði eða verðlagningu leyfis STEFs skiluðu ekki ásættanlegri niðurstöðu og hefur málinu því verið vísað til úrskurðarnefndar skv. 57. grein höfundarlaga. Búið er að skipa nefndina og er málsmeðferð að hefjast. Hins vegar hefur náðst samkomulag um nokkur önnur atriði, m.a. skýrari ákvæði um hljóðsetningu, um rafræna miðla og um tónleika á vegum RÚV, sem selt er sértaklega inná, o.fl.

Nýr samningur við Hörpu



Fulltrúar Hörpu og STEFs við undirritun samnings

Á tíunda afmælisári Hörpu var greint frá tímamótasamningi STEFs við þetta mikilvæga ráðstefnu- og tónlistarhús okkar Íslendinga. Frá og með 1. september 2021 hefur Harpa séð um innheimtu höfundaréttargjalda af viðburðum sem þar fara fram, samkvæmt verðskrá STEFs hverju sinni. Á það við um tónleika sem og viðburði á borð við árshátíðir og þess háttar. Undanþegin þessu fyrirkomulagi eru Íslenska óperan, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Jazzklúbburinn Múlinn og Stórsveit Reykjavíkur, en við þá aðila eru nú þegar í gildi sérstakir samningar við STEF.

Hinn nýi samningur tekur þó ekki til sviðsverka sem falla undir s.k. „stórréttindi“ (e: grand rights), enda fer STEF almennt ekki með umboð til að semja um uppsetningu slíkra verka. Tónleikahöldurum er þó áfram gert að skila lagalistum til STEFs, svo hægt sé að glöggva

sig á því hvaða höfundum féð er ætlað.

STEF fagnar mjög þessum nýja samningi, sem hefur í för með sér mikið hagræði, auk þess sem hann tryggir höfundum skilvísar greiðslur fyrir tónlist sem flutt er í Hörpu.

Tónsetningarleyfi fyrir smærri verkefni

„Tónsetning“ er það kallað, þegar tónlist er skeytt saman við mynd. Við tónsetningu ber að huga að réttindum höfunda og þurfa framleiðendur að afla leyfis til notkunar.

Til að koma til móts við síauknar óskir fyrirtækja og einstaklinga um leyfi vegna smærri verkefna, þá hóf STEF á liðnu ári að bjóða uppá slík tónsetningarleyfi gegn hóflegu gjaldi sem þá er veitt samhliða leyfi til opinbers flutnings, en áður var slík leyfisveiting fyrir tónsetningu á vegum NCB í Danmörku. Sem dæmi um smærri verkefni má nefna fyrirtækjakynningar, verkefni í fræðslustarfsemi, listverkefni eða önnur minni verkefni, sem flokkast ekki beinlínis til sjónvarps- eða kvikmyndaframleiðslu.

Nánar má fræðast um tónsetningarleyfi á vefsvæði STEFs (www.stef.is).

Nýr samningur við Icelandair

Nýr samningur við *Icelandair* var undirritaður s.l. haust. Samningurinn felur í sér umtalsverðar hækkanir greiðslna frá *Icelandair*, sem ætlar einnig að fara í sérstakt áttak að kynna íslenska tónlist. T.a.m. verða eingöngu íslenskir

lagalistar afþreyingarkerfi þeirra á ákveðnu tímabili. Samningurinn felur það einnig í sér, að Ícelandair mun koma að *Degi íslenskrar tónlistar* með styrkveitingu til vinningshafa *Útflutningsverðlaunanna* sem veitt eru á þeim degi.

Verkefnið „Vindur í seglum“

Árið 2020 hleypti STEF af stokkum tilraunaverkefni undir forskriftinni „Vindur í seglum“, sem snérist um að veita óreyndum kvenhöfundum eða fólki af minnihlutakyngrum aðstoð við að koma hugmyndum í verk og á framfæri, með fulltingi leiðbeinenda („mentora“). Þrír þátttakendur voru valdir úr hópi umsækjenda. Komu þátttakendur saman í ágúst 2021 ásamt nokkrum leiðbeinendanna og fóru yfir árangur og afraksturinn. Þótti verkefnið hafa lukkast vel og má telja mjög líklegt að þetta verði endurtekið. Hér að neðan má sjá umsagnir þátttakenda, sem allar hafa nú sent frá sér ný lög.



Vindur í seglum: Þátttakendur og leiðbeinendur hittast

„Þetta var frábært tækifæri og mikill heiður að vera valin. Ég fékk að vinna með og fá ráðleggingar frá reyndu fólki í bransanum, sem er dýrmætt fyrir tónlistarkonur sem eru að stíga sín fyrstu skref.“ —Valdís Valbjörnsdóttir

„Ég kynntist nýjum hliðum á tónlistarbransanum og fékk innsýn í heiminn „á bak við tjöldin“. Einnig var þetta skemmtilegt tækifæri til að vinna með og kynnast nokkrum þeirra sem ég hef litið upp til í gegnum tíðina. Hvetjandi, fræðandi og inspirerandi.“ —Fríða Hansen

„Ég kynntist tónlistarheiminum betur og góðu fólki sem var tilbúið að ráðleggja mér hvernig hann virkar.“ —Lexzi

Breyting á reglum Ferðasjóðs

Ferðasjóður STEFs hefur nú opnað fyrir umsóknir fyrir umboðsmenn höfunda, sem vilja fylgja þeim á tónleikaferðir eða til tengslamyndunar, enda séu rök færð fyrir því að ferðin muni geta aukið tekjur viðkomandi höfundis í gegnum STEF.

Tónlistasjóður kirkjunnar & STEF's

Dagur kirkjutónlistarinnar var haldinn þann 2. apríl s.l. Við það tilefni var undirrituð stofnskrá nýs *Tónlistarsjóðs kirkjunnar & STEF's*, sem byggir þó á grunni eldri *Tónmenntasjóðs kirkjunnar*, sem einnig naut framlaga frá STEFi. Helsti munurinn er sá, að nýi sjóðurinn er stofnaður á grunni samnings þessara tveggja aðila og án aðkomu ríkisins. Búið er að skipa nýja stjórn sjóðsins, sem hefur nú þegar auglýst eftir umsóknum.

Fyrsta verk nýja sjóðsins var að veita þremur höfundum verðskuldaða viðurkenningu fyrir framlag til kirkjutónlistar á Íslandi, þeim Sigurði Flosasyni, Aðalsteini Ásberg og Sigurði Sævarssyni. Þá fékk Hörður Áskelsson sérstaka heiðursviðurkenningu, „Liljuna“, sem sjóðurinn mun veita árlega.

Lágmarksúthlutunarupphæð lækkuð

Óvenju margir rétthafar fengu úthlutað í NCB/NMP-úthlutun s.l. haust. Voru það þó í mörgum tilfellum mjög lágar upphæðir, mun lægri en venja er, svo mjög raunar, að það vakti sumum kátínu og spurningar á samfélagsmiðlum. Ástæðan er sú, að síðsumars tók stjórn STEFs þá ákvörðun að lækka lágmarksupphæð úthlutana og hreinsa þannig út úr kerfinu mörg þúsund mjög lágar upphæðir, sem verið höfðu í „biðstöðu“ og voru að íþyngja kerfinu.

YTRA UMHVERFI

COVID-19: Áhrif og framvinda

Það er kunnara en frá þurfi að greina, að áhrif COVID-19 á tónlistageirann hafa verið sívarandi allt frá upphafi faraldursins. Ýmsu náðist þó að þoka til betri vegar á tímabilinu 2021-2022, m.a. með þrýstingi frá *Samráðshópi tónlistariðnaðarins*, sem lét nokkuð til sín taka. Hópurinn beitti sér t.d. fyrir breytingum á samkomutakmörkunum, á þann hátt að leyfi fengist fyrir stærri viðburðum með notkun hraðprófa.

Í október birtist blaðgrein frá samráðshópnum um endurreisn tónlistarlífs eftir faraldurinn. Samhliða því sendi STEF, f.h. hópsins, bréf til bæði forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, þar sem farið er fram á margvíslegar aðgerðir til endurreisnar.

Á meðan flest lönd sem Ísland vill bera sig saman við boðuðu risafjárframlög til menningar og hafa bætt tónlistarfólki að miklu leyti það tap sem það varð fyrir í faraldrinum, þá heyrðist ekkert frá ríkisstjórn Íslands. Í skýrslu BHM sem kom út 2021 kom fram að mikill samdráttur hefði orðið í heildarlaunagreiðslum í menningartengdum atvinnugreinum síðustu ár og að faraldurinn hefði haft margfalt meiri áhrif á menningargreinar en aðrar atvinnugreinar, t.d. hefði störfum í menningargeiranum fækkað um 25% frá árinu 2008.



Samráðshópurinn lagði til eftirfarandi aðgerðir:

- Beinn fjárhagslegur stuðningur til tónleikageirans svo bæta megi honum augljóst tekjutap.
- Beinn fjárhagslegur stuðningur til flytjenda, útgefenda og tónhöfunda til að bæta þeim tekjutap sitt í gegnum STEF og SFH.
- Umtalsverð styrking á Útflutningssjóði íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), sem og rekstrarframlagi, auk þess sem samningur verði gerður þar um, en ÚTÓN er samningslaus sem stendur.
- Umtalsverð styrking á Hljóðritasjóði.
- Umtalsverð styrking á Tónlistarsjóði.
- Endurskipulagning og fjölgun listamanna-launa, með það í huga að skipting milli listgreina endurspegli betur fjölda starfa í hverri listgrein, auk þess sem nauðsynlegt er að fjárhæð listamanna-launa verði hækkuð í samræmi við almenna launaþróun.
- Fylgt verði eftir skýrslu nefndar um stofnun „Tónlistarmiðstöðvar“ og ákveðin skref stigin í átt að stofnun hennar.
- Endurgreiðsluhlutfall fyrir útgáfu hljóðrita á Íslandi verði hækkað í 35% (úr 25%), a.m.k. tímabundið.

Ráðamenn opna eyrun

Í framhaldi af nokkrum bréfaskriftum við ríkisstjórnina fengu fulltrúar samráðshópsins fund með forsætisráðherra, þar sem farið var yfir stöðu tónlistargeirans í ljósi þess að enn væru samkomutakmarkanir og að geirinn hefði orðið fyrir meira tjóni en nokkur önnur atvinnugrein. Það voru hins vegar nokkur vonbrigði þegar örfáum dögum síðar var birt frumvarp til fjárlaga, þar sem tónlistargeirinn bar mjög skarðan hlut frá borði, en þrátt fyrir fögur fyrirheit var þar t.a.m. að finna lækun á framlagi í Tónlistarsjóð, ÚTÓN og í Hljóðritasjóð.




Fulltrúar samráðshópsins funda með forsætisráðherra

Samráðshópurinn brást skjótt við frumvarpinu og sendi inn umsögn til fjárlaganefndar, þar sem gerðar voru athugasemdir við fjárlagafrumvarpið, auk þess sem bréf var sent til menningar- og viðskiptaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, sem var kröftugt ákall um breytingar á frumvarpinu og um aðgerðir til endurreisnar íslensks tónlistarlífs.

Fulltrúar samráðshópsins fengu í framhaldinu fund með ráðherranum og sendu henni í kjölfarið tillögur að sértökum úrræðum. Í bréfinu var m.a. ákall um að beinir styrkir verði greiddir til rétthafa tónlistar í gegnum STEF og SFH, í stíl við það sem gert hefur verið erlendis.

Loksins sérstakt COVID-framlag frá ríkisstjórn



Í janúarlök 2022 samþykkti ríkisstjórnin síðan sérstakar efnahagsaðgerðir til stuðnings við menningargeirann í ljósi langvarandi neikvæðra áhrifa kórónuveirufaraldursins. Um var að ræða 450 milljónir króna til viðspyrnuaðgerða í þágu tónlistar- og sviðslistageiranna. Þar af var 150 milljóna framlag til STEFs, sérstaklega hugsað til að bæta upp tekjufall vegna samkomutakmarkanna, sem gerðu tónlistarfólki meira eða minna ómögulegt að standa fyrir tónleikum um tveggja ára skeið (2020-2021), en slíkar tekjur rýrnuðu um 80% milli árana 2019-2020 og álíka mikið árið 2021, miðað við árið 2020.

Ráðuneytið óskaði eftir því að STEF legði fram drög að reglum við úthlutun fjárins og voru reglurnar samþykktar af stjórn STEFs og ráðuneytinu í febrúar. Ákveðið var að úthlutunin byggði á þeim upphæðum sem meðlimir STEFs höfðu fengið úthlutað að meðaltali árlega fyrir flutning verka á tónleikum á tilteknu viðmiðunartímabili (2016-2019). Ef viðkomandi fékk þó eitthvað úthlutað fyrir tónleika á árunum 2020 og 2021, þá var sú fjárhæð dregin frá hinni sérstöku úthlutunarfjárhæð. Sérregla var sett fyrir nýja meðlimi STEFs (skráðir 2018 eða síðar), sem þurftu þó að hafa fengið úthlutað að lágmarki kr. 3.000 á árunum 2019-2021 til að öðlast hlutdeild í þessari úthlutun.

Þessi sérstaka úthlutun fór fram þann 19. maí s.l. Alls var úthlutað til 504 einstaklinga skv. fyrrnefndum úthlutunarreglum. Meðaltal úthlutunar var um kr. 280.000 krónur. 33 einstaklingar fengu úthlutað meira en einni milljón og fimm einstaklingar voru yfir hámarksúthlutuninni (2 milljónum). Nýir meðlimir, sem fengu úthlutað skv. sérreglunni, voru 38 talsins.

Hinar sérstöku úthlutunarreglur má [kynna sér á heimasíðu STEFs](#).

Úrbótasjóður tónleikastaða

STEF tók þátt í fjármögnun *Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík* með fjárframlagi uppá 500.000 kr. Sjóðurinn úthlutaði á liðnu sumri og hlutu 12 staðir styrk (en 14 umsóknir bárust, fyrir alls 18 millj. kr.). Styrkhafar leggja til fjórðungs hluta heildarkostnaðar. Í heild var úthlutað tæpum 7 millj. kr.

Lög um landshöfuðlén

STEF hafði lengi barist fyrir því ásamt öðrum íslenskum rétthafasamtökum, að sett yrðu lög um landshöfuðlén. Nú hefur það loksins gerst og fagna því rétthafar. Með lögunum verður t.a.m. auðveldara en áður að fá léni lokað, ef það er notað til að miðla ólöglegu efni (s.s. eins og þegar höfundaréttarvörðu efni er miðlað án heimildar).

ÝMISLEGT ÚR STARFINU

Daði Freyr hlaut Langspilið 2021

Í ljósi COVID-aðstæðna þurfti að bíða með afhendingu á *Langspilinu – verðlaunum STEFs* fram í júlí. Þetta var í sjöunda skipti sem þau verðlaun eru veitt, en gripinn hlýtur sá höfundur sem STEF telur hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á síðastliðnu ári. Verðlaunagripurinn er forláta langspil, sérstaklega smíðað ár hvert af völundinum Jóni Sigurðssyni á Þingeyri.

Langspilið 2021 hlaut Daði Freyr Pétursson. Hann vakti fyrst athygli er hann var valinn „rafheili ársins“ á Músíktilraunum 2012, þá með sveitinni RetRoBot. Daða skaut hins vegar upp á stjörnuhimininn þegar hann tók þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2019 með laginu *Hvað með það? / Is This Love?*, sem hann flutti ásamt hljómsveitinni Gagnamagninu. Þau höfnuðu þá í öðru sæti á eftir Svölu Björgvinsdóttur, sem sigraði með lagið Paper.



Daði Freyr og Gagnamagnið tóku svo aftur þátt í keppninni árið 2020 og sigruðu þá með laginu *Think About Things*. Vegna COVID-19 heimsfaraldursins var Eurovision hins vegar ekki haldin það ár, í fyrsta sinn í 64 ára sögu keppninnar. Altalað var að lag Daða hefði átt mjög góðan sigurséns hefði keppnin farið fram. Í fyrra voru Daði og Gagnamagnið síðan fulltrúar okkar og tefldu fram laginu *Ten Years*. Endaði hópurinn í fjórða sæti, án þess þó reyndar að stíga fæti á sviðið, sökum þess að upp kom COVID-smit í hópnunum.

Þess má geta að lagið *Think About Things* sló í gegn á heimsvísu, var m.a. á lista Times yfir 10 bestu lög ársins 2020. Hefur laginu nú verið streymt yfir 110 milljón sinnum á Spotify. Laginu *10 Years* hefur einnig gengið vel, er komið með yfir 30 milljón streymi. Að undanfögnu hefur Daði haldið nokkra vel lukkaða og fjölmenna tónleika í Evrópu. Þetta er frábær árangur og var Daði Freyr mjög vel að Langspilinu kominn.

Margrét Rán hlaut Langspilið 2022



Margrét Rán kemur sér fyrir á Langspilsveggnum

Langspilsverðlaunin í ár hlaut *Margrét Rán Magnúsdóttir*. Veitti hún Langspilinu viðtöku við athöfn á Laufásveginum þann 13. maí s.l., samhliða því sem styrkir voru veittir úr Upptöku- og Nótasjóði.

Margrét Rán var einn stofnandi hljómsveitinnar *Vök* árið 2013, en sveitin sigraði í Músíktilraunum það árið. *Vök* hefur síðan getið sér gott orð fyrir draumkenndan og lagskiptan hljóðheim, þar sem „electro“ og „indie“ poppi er blandað saman.

Vök hefur gefið út tvær stuttskífur og tvær breiðskífur. Nýjasta plata sveitarinnar, *In the Dark*, var valin plata ársins á *Íslensku tónlistarverðlaununum* árið 2019. Á sömu hátíð var Margrét Rán valin *lagahöfundur og söngkona ársins*, en alls hlaut hljómsveitin

átta tilnefningar það ár. Vök hefur haldið tónleika víða um heim og hefur átt síaukinni velgengni að fagna utan landsteinanna.

Margrét er nú einnig hluti hinnar lífseigu danssveitar, *GusGus*, auk þess sem hún hefur haslað sér völl að undanfögnu sem kvikmyndatónskáld, en tónlist Margrétar við þáttaröðina *Fanga* og heimildarmyndina *A Song Called Hate* hefur vakið verðskuldaða athygli.

Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með ferli hennar og árangri og er Margrét mjög verðugur verðlaunahafi Langspilsins – verðlauna STEFs.

Dagur íslenskrar tónlistar



Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur þann 1. desember 2021. Í lðnó fór fram fámenn COVID-hátíðarsamkoma af þessu tilefni.

Heiðursverðlaunin, *Litla fuglinn*, hlaut *Arnar Eggert Thoroddsen*. Arnar hefur lifað og hræst í heimi íslenskrar tónlistar frá unga aldri, starfað sem blaðamaður um langt skeið og gagnrýnt íslenska tónlist jafnt í blöðum sem útvarpi. Þá hefur hann setið í ýmsum dómnefndum, t.d. í tengslum við *Músíktílaunir* og *Íslensku tónlistarverðlaunin*.

Nýsköpunarverðlaun ársins hlaut *Unnur Sara Eldjárn*, sem undanfarin misseri hefur staðið fyrir kennslu og deilt þekkingu sinni í markaðssetningu tónlistar á streymisveitum. *Útflutningsverðlaun* ársins hlaut *Record in Iceland*, fyrir kynningarátak sem felst í því að hvetja tónlistarfólk um allan heim til hljóðritunar hér á landi.

Síðustu ár hafa aðilar sem veitt hafa íslenskri tónlist atfylgi hlotið viðurkenninguna *Gluggann* og í ár var það tónleikastaðurinn *Græni hatturinn* á Akureyri sem þau hlaut.

Sérstök hvatningarverðlaun hlaut verkefnið *Stelpur rokka!*, en það eru rokkbúðir fyrir ungar stelpur, sem settar voru á laggirnar árið 2012.

Við athöfnina voru að vanda flutt þrjú íslensk lög, að þessu sinni *Þakklæti*, e. *Magnús Kjartansson*, *Stúlkan* e. *Þorvald B. Þorvaldsson* og *Andreu Gylfadóttur* og *Allra veðra von* e. *Tryggva Heiðar Gígjuson*.

Íslensku tónlistarverðlaunin

Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) voru afhent við hátíðlega athöfn í Silfubergi Hörpu þann 30. mars 2022. Það var ólíkt meiri bragur á hátíðinni að þessu sinni, en árið þar á undan, þegar verðlaunahafar fengu stytur sínar afhentar í einrúmi, sökum COVID. Hljómsveitirnar *Monotown* og *Flott, Birnir* og *Briet* hlutu öll tvenn verðlaun. Meðal annarra vinningshafa voru *John Grant* og *Herdís Anna Jónasdóttir* (söngur ársins), *GusGus* (plata ársins/popp), *Teitur Magnússon* (textahöfundur ársins), *Víkingur Heiðar Ólafsson* og *Magnús Trygvason Eliassen* (flytjendur ársins) og *Emiliana Torrini* og *Markéta Irglová* hlutu stytta fyrir tónverk ársins. Heiðursverðlaun ársins féllu í skaut *Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttir*, píanóleikara.



ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin 2022

Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin voru afhent í Berlín þann 12. febrúar. Af hálfu Íslands var *Tóti Guðnason* tilnefndur fyrir tónlist í kvikmyndinni *Dýrið*. Í ljósi COVID var ekki hægt að halda almennilega verðlaunahátíð þetta árið, en ákveðið var að hvert aðildarlanda verðlaunanna héldi litla „hátíð“ á heimaslóð. STEF bauð því nokkrum kvikmyndatónskáldum til hófs að Laufásvegi 40, þar sem fylgst var með beinu streymi frá afhendingunni.

Það var hin finnska *Sanna Salmenkallio* sem hreppti hnossið að þessu sinni, fyrir tónlist í myndinni *AALTO*, sem fjallar um finnska arkitektinn Alvaro Aalto, sem m.a. hannaði Norrræna húsið í Vatnsmýrinni. Svo skemmtilega vill til að ráðstefnan *Tónabíó* var einmitt haldin þar í nóvember, eins og frá greinir annars staðar í þessari skýrslu.

VIÐBURÐIR, VINNUSTOFUR & FLEIRA

Vinnustofa með tónlistarforleggjum

STEF og ÚTÓN efndu til vinnustofu þann 13. júní 2021, þar sem farið var yfir grunnatriði er varða tónlistarforleggjara (e. publisher). Boðið var upp á fyrirlestra, pallborðsumræður og reynslusögur, einnig sem listmeðferðarfræðingurinn Elísabet Lorange leiddi æfingu fyrir þátttakendur, sem snéri að því að finna út vegferð í heimi tónlistarforlaga. Viðburðurinn var vel sóttur, svo mjög að uppselt var á hann og myndaðist biðlisti.

Lagasmíðabúðir Nordic LA


Í júní 2021 tóku þau *Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir (Sigga Ózk)*, *Guðrún Ýr Eyfjörð (GDRN)* og *Baldvin Snær Hlynsson* þátt í lagasmíðabúðunum „*NordicLA Pop Camp*“ með styrk frá STEFi. Að þessu sinni voru búðirnar haldnar á netinu og eins og heitið gefur til kynna, þá var áherslan á popptónlist. Til gamans er hér umsögn frá einum þátttakendanna: „*Ég samdi eitt lag á dag með mínum hópum og hef kynnst fullt af nýju samstarfsfólki í Evrópu og Kaliforníu. Það var einnig boðið uppá gagnvirka fyrirlestra með miklum reynsluboltum, sem var mjög gaman og gefandi.*“

STEF styrkti einnig höfundana *Davíð Þór Jónsson* og *Kristján Sturlu Bjarnason* til þátttöku í búðunum „*NordicLA Score Camp*“, sem fram fóru dagana 13.-17. september, einnig á netinu. Þar var um að ræða tónsköpun fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Því miður þurfti Davíð Þór að hætta við þátttöku á elleftu stundu af persónulegum ástæðum. Árið þar á undan tóku höfundarnir *Egill Eðvarðsson* og *Úlfur Eldjárn* þátt í Score Camp hjá NordicLA og létu vel af.

Tónsmíðabúðirnar Music Export Poland

STEF styrkti tvo meðlimi, þá *Sævar Helga Jóhannsson* og *Eðvarð Egilsson*, til þátttöku í tónsmíðabúðum *Music Export Poland - SyncCamp*, sem fram fóru dagana 3.-8. október 2021 í Sopot, Póllandi. Þar var áhersla lögð á tónsmíðar fyrir raunveruleg verkefni, en nær eingöngu var samið fyrir kvikmyndir og auglýsingar. Tónlistarstjórar (e. music supervisors) voru á svæðinu og tengdu tónlistina við hin ýmsu verkefni. Lögð var áhersla á hópavinnu og tengslamyndun. Ferðasjóður STEFs greiddi kostnað við flug þátttakenda, en gisting og annar kostnaður voru í boði námskeiðshaldara.

Íslensku þátttakendurnir voru hæstánægðir með ferðina og sendi annar þeirra STEFi m.a. þennan vitnisburð: „*Mig langaði bara að þakka STEF fyrir að bjóða okkur að taka þátt í SyncCamp búðunum í Póllandi. Þetta var ótrúleg og lærdómsrík reynsla, þar sem við náðum að mynda góð tengsl! Takk kærlega!*“



Tónabíó – Málping um kvmyndatónlist

Þann 2. nóvember 2021 var haldið málþing um kvikmyndatónlist undir forskriftinni Tónabíó. Þingið var samstarfsverkefni STEFs, ÚTÓN, Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, RIFF, Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og SÍK. Hingað komu sérfræðingar á þessu sviði og miðluðu af reynslu sinni, m.a. *Thomas Golubic*, tónlistarráðgjafi í sjónvarpi í Bandaríkjunum, *Alfons Karabuda*, forseti

ECSA (European Composer and Songwriter Alliance) og forseti IMC (International Music Council), *Tim Husom*, fyrrum umboðsmaður Jóhanns heitins Jóhannssonar og *Steve Schnur*, yfirmaður tónlistar hjá Electronic Arts (EA), sem ræddi við *Hildi Guðnadóttur*, svo einhverjir séu nefndir. Daginn eftir þingið bauð STEF í samstarfi við ÚTÓN uppá meistaranámskeið undir stjórn Thomas Gulobic, sem m.a. er þekktur fyrir tónlistarráðgjöf í þáttunum *Breaking Bad*.

Snarfundir með tónlistarforleggjurum

Þann 4. nóvember 2021 bauð STEF, í samvinnu við ÚTÓN, upp á tengslamyndunarfundi með tónlistarforleggjurum (e: publishers). Þar bauðst meðlimum STEFs tækifæri til að hitta erlenda forleggjara á snarfundum (e: speed dating), sem hér voru staddir í tengslum við Airwaves-hátíðina. Gátu þátttakendur valið úr sex forleggjurum, sem segja má að hver og einn hafi haft sitt sérsvið. Alls sóttu 24 höfundar þessa fundi, hitti hver forleggjari um sex höfunda, þannig að um 36 stuttir en fróðlegir fundir fóru fram þetta eftirmiðdegi, hvar höfundum gafst færi á að bera tónmál sitt á borð og fá sérfræðiráðgjöf.

K-Pop lagasmíðabúðir



Dagana 10.-13. mars 2022 stóð STEF í samvinnu við ÚTÓN fyrir lagasmíðabúðum hérlendis ásamt og með fulltingi *EKKO Music Rights Europe*, sem er tónlistarforleggjari í Svíþjóð sem einkum sérhæfir sig í framleiðslu og dreifingu fyrir popptónlistarmarkaði í Asíu, aðallega í S-Kóreu, hvar allsráðandi er það sem á bransamáli er oft kallað „K-Pop“. Sá markaður sker sig að ýmsu leyti úr öðrum meginmörkuðum, þar sem hann er býsna sérhæfður og mjög sniðinn að þarlandum meginstraumskúltúr. Valinn hópur hérlendra lagasmíða og upptökustjóra tók þátt í búðunum, ásamt fulltrúum frá EKKO, sem önnuðust verkstjórn.

Daginn áður en búðirnar hófust buðu STEF og ÚTÓN til opins kynningarfundar um K-Pop markaðinn, þar sem Robin Jensen, forvígismaður EKKO, kynnti starfsemina og veitti fundargestum sýn inn í poppkúltúr eystra og þessa sérstöku og vinsælu tónlistarstefnu. EKKO hefur tekist að koma fjölmörgum lögum á topplista í Kóreu og hefur Robin hlotið fjölmargar til- og útnefningar á tónlistarverðlaunahátíðum. Öllum var velkomnið að sitja þennan kynningarfund.

Sjálfar búðirnar þóttu mjög vel lukkaðar og einrómur á meðal þátttakanda um ánægju með þetta lærdómsríka og

skapandi framtak. Á lokadegi komu þátttakendur og forvígismenn saman og hlýddu á afraksturinn, þ.e. lögin sem þar urðu til. Sérstakur gestur við það tækifæri var Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptamálaráðherra, sem ávarpaði samkomuna. Lilja var hæstánægð með afraksturinn og gat þess sérstaklega, að tónlistin væri efst á sínum forgangslista um þessar mundir og hafði hún uppi vilyrði um stóraukinn stuðning við tónlist á yfirstandandi kjörtímabili.

Framkvæmdastjóri STEFs veitti viðtal í tilefni lagasmíðabúðanna, sem vakti nokkra athygli. Það má lesa [hér](#).

Smellasmíði

Fimmtudaginn 5. maí stóðu STEF og ÚTÓN fyrir námskeiði í popplagasmíðum. Þetta var sjálfstætt framhald samskonar námskeiðs sem staðið var fyrir árið 2019 og þótti vel lukkað.

Leiðbeinendur að þessu sinni voru þau *Hildur Kristín Stefánsdóttir* og *Pálmi Ragnar Ásgeirsson*, sem hafa hvort á sinn hátt náð góðum árangri í poppbransansanum á undanförunum árum, Hildur einkum sem lagasmíður og flytjandi, Pálmi sem lagasmíður og upptökustjóri. Námskeiðið var á ráðgjafanótum, þar sem stjórnendur miðluðu reynslu sinni og veittu heilræði eftir föngum.



„Cue Sheet“ > Hvað? Hvernig? Hvers vegna?

Þann 17. maí s.l. bauð STEF upp á námskeið fyrir framleiðendur kvikmynda- og sjónvarpsefnis vegna gerðar á stöðluðum tónlistarskýrslum (e: „cue sheet“). Um er að ræða sérhæfða skýrslu sem fylgir sjónvarps- og kvikmyndum og geymir upplýsingar um alla þá tónlist sem fram kemur í viðkomandi mynd/þætti, jafnt í forgrunni sem bakgrunni. Það er MJÖG mikilvægt að framleiðendur útbúi og sendi frá sér slíkar skýrslur með

réttum hætti, því ella er hættu á að rétt höfum berist ekki réttmætar greiðslur fyrir opinberan flutning. *Sindri Magnússon*, þjónustustjóri STEFs og sérfræðingur í þessum efnum, leiddi fundarmenn í allan sannleikann um þetta mikilvæga mál og veitti leiðsögn.

Námstefnur á Austurlandi og Ísafirði

Þann 11. nóvember 2021 héldu *Menningarstofa Fjarðarbyggðar*, *Tónlistarmiðstöð Austurlands* og *STEF* námsstefnu á Eskifirði. Markmiðið var að hitta tónlistarfólk á Austurlandi og fræða um starfsemi STEFs, með sérstakri áherslu á tónlistarveitur. Mæting var góð og miklar umræður urðu um málefnið, en fundinum stýrði *Guðrún Björk Bjarnadóttir*, framkvæmdastjóri STEFs. Þann 28. apríl 2022 var boðið upp á samskonar stefnu á Ísafirði, þar sem *Bergros Halla Gunnarsdóttir*, starfsmaður STEFs, stýrði málum og fjallaði m.a. um greiðsluflæði tónlistarveitna og fjárflæði vegna tónlistar í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

TENGD FÉLÖG – NEFNDIR & RÁÐ

- STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa), hagsmunasamtökum 11 höfundaréttarsamtaka, sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota, sem og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Hjörtur Ingvi Jóhannsson*. Ásamt þeim situr svo *Bragi Valdimar Skúlason* í fulltrúaráði IHM.
- STEF á aðild að Fjölís, hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn Fjölís fyrir hönd STEFs situr *Páll Ragnar Pálsson*. Í fulltrúaráði Fjölís situr *Guðrún Björk Bjarnadóttir*.
- STEF á aðild að ÚTÓN (Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar). *Páll Ragnar Pálsson* situr í stjórn ÚTÓN fyrir hönd STEFs.
- STEF á aðild að Samtóni, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni Samtóns eru að halda *Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV)* og *Dag íslenskrar tónlistar (DÍT)*. Fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns eru *Guðrún Björk Bjarnadóttir*, *Þórunn Gréta Sigurðardóttir* og *Bragi Valdimar Skúlason*. Framkvæmdastjóri ÍTV og DÍT er *Kristján Freyr Halldórsson*.
- Í stjórn Upptökusjóðs STEFs sitja *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Oliver Kentish*, *Ragnheiður Gröndal* og *Arnar Freyr Frostason*.
- Í stjórn Nótñasjóðs STEFs sitja *Tryggvi M. Baldvinsson*, *Gunnar Þórðarson*, *Hafdís Bjarnadóttir* og *Úlfar Ingi Haraldsson*.
- Í stjórn Ferðasjóðs STEFs sitja *Lárus Grímsson* og *Rósa Birgitta Ísfeld*.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs sitja fyrir hönd STEFs þau *Védís Hervör Árnadóttir* og *Tryggvi M. Baldvinsson*, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni. Varamenn eru *Hallur Ingólfsson* og *Þórunn Ósk Marinósdóttir*.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs Bylgjunnar og Stöðvar 2 sitja fyrir hönd STEFs þau *Bragi Valdimar Skúlason* og *Þórunn Gréta Sigurðardóttir*, en auk þeirra situr forstjóri Sýnar í stjórninni.
- Í stjórn Tónlistarsjóðs kirkjunnar og STEFs situr fyrir hönd STEFs *Hilmar Örn Agnarsson* og er *Hildigunnur Rúnarsdóttir* varamaður hans.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttarráði *Karólína Eiríksdóttir* og til vara *Óttarr Proppé*.
- Í hinni íslensku dómnefnd *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna*, sitja þau *Pétur S. Jónsson*, *Hilmar Oddsson*, *Margrét Örnólfsdóttir*, *Hilmar Örn Hilmarsson* og *Guðrún Björk Bjarnadóttir*. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir *Hallur Ingólfsson* og *Ingi Garðar Erlendsson*.
- Undirnefndir vegna úthlutunar eru þrjár og í þeim sátu:
Sígræna nefndin: *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Árni Harðarson* og *Lára Rúnarsdóttir*.
DMB-nefndin (dansleikir, mannfagnaðir, bakgrunnstónlist): *Hreimur Örn Heimisson*, *Stefanía Svavarsdóttir* og *Sveinbjörn Pálsson*.
Nefnd um kirkjulegar athafnir: *Óskar Einarsson*, *Regína Ósk Óskarsdóttir* og *Þórir Úlfarsson*.
- Í Jafnréttisnefnd STEFs sitja *Hera Björk Þórhallsdóttir*, *Halldór Smáráson*, *Lára Rúnarsdóttir* og *Jakob Frímagn Magnússon*.

MENNINGARSJÓÐUR STEFS

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum Menningarsjóð STEFs. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaganna STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera sérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 35 milljónum króna árið 2021 og var fjárhæðin óbreytt milli ára. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 7.058.004 til hvors aðildarfélags, *Félags tónskálda og textahöfunda (FTT)* og *Tónskáldafélags Íslands (TÍ)*. Greinargerðir þeirra um ráðstöfun á framlaginu er að finna hér í skýrslunni.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

Menningarsjóður:	2021	2020
Staða í ársbyrjun	2.443.254	4.842.412
Framlag STEFs	35.000.000	35.000.000
Til úthlutunar	37.443.254	39.842.412
Tillag til TÍ	7.058.004	7.058.004
Tillag til FTT	7.058.004	7.058.004
Framlag v. Samtóns	957.033	1.049.169
Framlag v. Dags ísl. tónlistar	842.063	477.270
Framlög v. Ísl. tónlistarverðlaunanna	5.172.990	4.817.749
Framlag v. Útflutningssjóðs Ísl.tónlistar	0	1.500.000
Framlag v. ÚTÓN	1.580.000	1.825.000
Framlag í Upptökusjóð	6.000.000	6.000.000
Styrkir stjórnar	1.200.000	350.000
Önnur framlög og kostnaðarþáttaka	485.132	7.263.962
Úthlutað á árinu:	30.353.226	37.399.158
Staða í árslok:	7.090.028	2.443.254

RÁÐSTÖFUN MENNINGARFRAMLAGS STEFS AF HÁLFU AÐILDARFÉLAGA 2020

Greinargerð frá Félagi tónskálda & textahöfunda (FTT)

Menningarframlag STEFs 2021:	7.058.004	Útgöld:	
		Laun og launatengd gjöld	5.497.269
		Funda- og viðskiptakostnaður	1.161.549
		Risna og gjafir	59.650
		Félags- og aðildargjöld	264.500
		Gjaldfærð áhöld og tæki	25.071
		Sími og skrifstofukostnaður	117.361
		Rekstur og tölvubúnaður heimasíðu	313.927
		Reikningsleg aðstoð	310.000
		Annar kostnaður	76.582
		Samtals:	7.825.909

Ráðstöfun menningarframlags STEFs til Félags tónskálda og textahöfunda má sjá hér að ofan. Rekstur skrifstofu ber þar hæst, en einnig vinna við vefsíðu og umsýslu hennar, kostnað við bókhald, gerð ársreiknings o.fl. Þá er FTT aðili að samtökum á borð við BÍL og ECSA og greiðir þar aðildargjöld. Allur ferðakostnaður hefur verið í lágmarki vegna heimsfaraldursins.

Stjórn FTT skipuðu á árinu 2021 Bragi Valdimar Skúlason, formaður, Védís Hervör Árnadóttir varaformaður, Andri Ólafsson, Sóley Stefánsdóttir og Samúel Jón Samúelsson. Varamenn voru Ragnheiður Gröndal og Hallur Ingólfsson. Félagið berst fyrir hagsmunum félagsmanna sinna á ýmsum vígstöðvum; innan stjórnáráðs, hjá fjölmiðlum og ljósvakamiðlum, auk þess að taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi systurfélaga.

Flestir fastir punktar í félagslífi FTT féllu niður. Árleg garðveisla, sem janan er haldin seint í ágúst, var slegin af vegna samkomutakmarkana og eins söngvasmiðja FTT. Allt þetta fær aukinn kraft og innspýtingu á nýju ári. Áhrif COVID-19 á starfsemi félagsins voru áfram merkjanleg og lögðu forsvarsmenn félagsins fram talsverða vinnu í samvinnu við samstarfshóps tónlistarfólks í samtali við stjórnvöld um úrbætur. Félagið veitti félagsfólki ráðgjöf vegna styrkjaumsókna og viðspyrnu- og tekjufallstyrkja, auk þess sem stjórn kom beint að samtali við stjórnvöld um að koma tónlistarlífinu aftur í gang og bæta tónhöfundum upp tekjufall af tónleikum. Má í því samhengi einnig nefna undirbúning nýrrar „tónlistarmiðstöðvar“, sem nú loks er að verða að veruleika.

Hið árlega NPU þing norrænna systursamtaka FTT var haldið í Reykjavík í nóvember og var þáttaka framfarvönunum. Var það um leið stærsti einstaki viðburður félagsins á árinu, en aðrir viðburðir féllu niður vegna heimsfaraldursins. Á þriðja tug tónhöfunda frá Norðurlöndunum komu til landsins og funduðu með íslenskum kollegjum sínum og stóð fundurinn yfir í tvo daga. Ásamt því var gestum boðið upp á ýmis skemmtiatriði og íslenska tónlist eins og þau gátu í sig látið.

Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands (TÍ)

Menningarframlagi STEFs til Tónskáldafélags Íslands er ráðstafað til daglegs reksturs félagsins, t.d. kostnað við hýsingu vefsíðu, frágang bókhalds og gerð ársreikninga, þátttöku í alþjóðasamstarfi og kostnað við að halda úti stjórn og framkvæmdastjórn. Tónskáldafélagið kemur að ýmsum nefndarstörfum innan tónlistarlífsins, bæði á eigin vegum og gegnum aðild sína að samtökum með víðari skírskotun og má þar til dæmis nefna BÍL, Bandalag íslenskra listamanna.

Félagsstarfið

Gunnhildur Einarsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri félagsins frá og með 14. júní 2021 í 20% starfshlutfalli og tók við starfinu af Signýju Leifsdóttur. Eftir því sem leið á árið fór að lifna yfir almennu félagsstarfi eftir heimsfaraldur. Starfsemi félagsins á árinu einkenndist þó að verulegu leyti af fundum með opinberum aðilum vegna afleiðinga sóttvarnaraðgerða á tónlistarlífið. Takmarkanir á tónleikahaldi höfðu umtalsverð áhrif á meðlimi Tónskáldafélagsins þar sem geiri sígildrar- og samtímatónlistar þrífst einna helst á lifandi flutningi.

Myrkir músíkdagar

Myrkum músíkdögum 2021 var frestað vegna heimsfaraldurs, en þó var einn viðburður haldinn án áhorfenda með streymi í apríl, en venjulega fara Myrkir músíkdagar fram í lok janúar ár hvert. Listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga er Ásmundur Jónsson og framkvæmdastjóri er Ása Fanney Gestsdóttir.


Alþjóðasamstarf

Tónskáldafélagið er aðili að Norræna tónskáldaráðinu, NKR, sem m.a. heldur úti tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum. Sú hátíð er haldin til skiptis í aðildarlöndunum. NKR fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári, einu sinni í tengslum við Norræna músíkdaga, en þrisvar sinnum þess utan. Til stóð að Norrænir múíkdagar færu fram á Íslandi árið 2021 en vegna Covid-19 frestuðust þeir um eitt ár og munu fara fram 11.-15. október 2022. Fjármögnun og undirbúningsvinna fór því á fullt skrið á árinu 2021. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Tinna Þorsteinsdóttir og framkvæmdastjóri er Gunnhildur Einarsdóttir. Sjá nánar á nordicmusicdays.org.


Tónskáldafélagið er einnig aðili að ISCM, International Society for Contemporary Music, sem heldur úti hátíðinni World New Music Days. Það er árleg hátíð sem haldin er í samstarfi við eitthvert aðildarlandanna hverju sinni. Valið á því hvar hátíðin er haldin grundvallast á umsóknum frá aðildarlöndum. Aðalfundur ISCM er haldinn samhliða hátíðinni, en hvert aðildarland hefur rétt á að senda tvo fulltrúa á aðalfundinn, einn með fullan atkvæðisrétt en annan með áheyrnarrétt og tjáningarfrelsi. Þá hefur hvert aðildarland rétt á að kynna eitt tónskáld á hátíðinni, sem fær þá eitt verk flutt og fullan þátttökurétt í öllum viðburðum. Þessi hátíð hefur verið mörgum tónskáldum mikilvægt tækifæri til að skapa sér frekari starfsvettvang erlendis. World New Music Days var frestað árið 2021 vegna heimsfaraldurs.

NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI STEFS 2021


REKSTRARTEKJUR 2021




REKSTRARGJÖLD 2021




HREINAR TEKJUR ÁRSINS 2021




TEKJUR AÐ FRÁDR. REKSTARGJÖLDUM 2021




TEKJUR AF TÓNLEIKUM & VEITINGAHÚSUM



HEILDARÚTHLUTUN 2021




SKIPTING REKSTRARTEKNA 2021 SAMTALS 924.975.014



- Flutn.tekjur innlendar
- Flutn.tekjur erlendar
- Streymi
- Upptökuréttindi
- Fjölís
- IHM v. endurvarps
- Innheimtuþóknun SFH
- IHM v. eintakagerðar
- Annað

SKIPTING INNLENDRA FLUTNINGSTEKNA 2021 SAMTALS 520.843.826



- Útvarp og sjónvarp
- Veitingahús
- Verslanir
- Tónleikar (alm. & Sinfó)
- Önnur bakgrunnstónlist

UPPLÝSINGAR UM ÚTHLUTANIR OG FRÁDRÁTTARLIÐI

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna (www.stef.is > Um STEF).

Úthlutanir innanlands 2021:		Frádráttarliðir:
107.443.266	Úthl. v. útvarps og sjónvarps (þ.m.t. VOD)	21,55% kostn.hlutfall & 10% menningarframl.
	Þar af eru 39.716.790 skilgr. sem "bakgrunnstekjur"	
67.218.106	Aðrar "bakgrunnstekjur"	21,55% kostn.hlf. & 10% menningarframl.
23.786.552	Frumflutningur	0
69.085.977	Sala á hljóðritum og streymi (NCB & NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
7.762.906	Lifandi flutningur (tólnl. & aðrar samkomur)	10% umsýslugjald
137.068.861	Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
412.365.668	Samtals	

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa STEFs. Erlendar flutningsréttartekjur 2021 skiptust svo á milli landa:

Erlendar tekjur e. löndum 2021:			
Argentína	50.769	Kanada	2.664.233
Austurríki	910.930	Króatía	181.222
Ástralía	2.061.736	Lettland	143.555
Bandaríkin	24.126.255	Litháen	245.591
Belgía	7.443.215	Malasía	33.122
Brasilía	198.101	Noregur	2.642.763
Bretland	19.336.143	Nýja Sjáland	283.635
Chile	754.009	Portúgal	225.317
Danmörk	19.528.028	Pólland	705.336
Eistland	119.266	Slóvakía	176.928
Finnland	2.389.834	Svartfjallaland	14.388
Frakkland	13.957.839	Sviss	2.647.931
Holland	4.098.662	Svíþjóð	5.900.852
Hong Kong	169.515	Tékkland	734.958
Írland	722.341	Ungverjaland	151.263
Ísrael	501.493	Þýskaland	18.631.732
Ítalía	1.775.897	Ýmsar greiðslur	1.382.669
Japan	4.464.610	Samtals	139.374.138

AÐRAR TEKJUR EN FLUTNINGSTEKJUR

Frá SFH (Sambandi flytjenda og hljómplötframleiðenda) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda, sem STEF innheimtir af viðskiptavinum samhliða innheimtu höfundaréttargjalda. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutunum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í Menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:


Aðrar tekjur sem STEF fékk frá umsýslustofnunum 2021:	
35.210.455	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
22.954.527	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytjenda og hljómplötuframleiðenda)
Sértekjur Tónmenntasjóða 2021:	
7.511.097	Úthlutun frá Fjölís (Nótnasjóður)
11.396.439	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
7.456.314	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasj. RUV & STEFs)
3.000.000	Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasj. Bylgjunnar & Stöðvar 2)
3.000.000	Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2)
Ógreiddar úthlutanir við áramót 2021-2022:	
31.973.383	Ógreitt vegna úthlutana
20.102.193	Ógreiddur staðgreiðsluskattur af úthlutunum
48.353.955	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)
100.429.531	Samtals ógreitt um áramót

Upplýsingar um meðlimi og skráningar 2021


- Í lok ársins 2021 var fjöldi höfunda á skrá 8.479.
- Nýjum höfundum fjölgaði um 616 á árinu 2021.
- Fjöldi verka á skrá í lok ársins var 104.524.
- Á árinu var flutningur skráður á 26.561 verk.
- 4.604 höfundar fengu greitt fyrir flutning verka sinna árinu.

Kynjaskipting 2021


HÖFUNDAR Á SKRÁ



AÐILD AÐ VERKUM



ÚTHLUTUN 2021





Styrkir úr Nótna- og Upptökusjóði voru afhentir 13. maí s.l., ásamt Langspilinu. Hér eru styrkþegar og Langspilshafi í bakgarðinum að Laufásvegi 40.



23. maí 2022